

144. löggjafarþing 2014–2015.  
Þingskjal 536 — 285. mál.

## Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá  
Birni Val Gíslasyni um flutning stofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Er fyrirhugað að flytja höfuðstöðvar eða starfsstöðvar einhverra þeirra stofnana sem undir ráðuneytið heyra? Ef svo er, óskast greint frá því hvaða starfsemi á í hlut og hvaðan og hvert starfsemin verður flutt.*

Ekki er fyrirhugað að flytja höfuðstöðvar eða starfsstöðvar sem undir ráðuneytið heyra að svo komnu máli. A-hluta stofnanir sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið eru 51 talsins en 33 þeirra eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu og 18 stofnanir utan þess.

Lögð er áhersla á það að leita leiða til þess að sameina stofnanir og styrkja þær þar með faglega og rekstarlega og verður unnið að því á næstu mánuðum og árum.